

# Fundur stjórnar Markaðsstofu Norðurlands

kl. 9:00 þriðjudaginn 21. febrúar 2023, Teams fundur

Mættir stjórnarmenn: Viggó Jónsson formaður, Guðmundur Þór Birgisson, Hilda Jana Gísladóttir, Jóhanna Ey Harðardóttir, Sigrún Hulda Sigmundsdóttir, Örn Arnarson, Tómas Árdal varamaður og Þorbjörg Jóhannsdóttir varamaður. Steinunn Heba Finnsdóttir boðaði forföll.

Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri og Hjalti Páll Þórarinsson verkefnastjóri.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Formaður fól framkvæmdastjóra að ganga til dagskrár.

## Dagskrá:

### 1. Starfsáætlun

Framkvæmdastjóri kynnti starfsáætlun MN fyrir árið. Helstu verkefni sem voru rædd:

Sjálfbærni-verkefni (aukinn hagur heimamanna, auknar heilsárstekjur)

Innviðir og samgöngur:

- Dettifossvegur - mokstur
- Askja - aðgengi að vori
- Flugþróunarsjóður - fjármögnun
- Fjármögnun klasans innan svæðis.

Aukið samstarf við Íslenska Ferðaklasann

Birding Iceland verkefnið í áframhaldandi þróun – fuglaskoðunarskýli

Iceland Travel Tech með FMS og Ferðaklasanum. MN fær greitt fyrir sitt framlag í verkefnið.

Mannamót – verður mögulega viku síðar á næsta ári

Samstarfsfundir starfsmanna MAS

MN mun eiga fulltrúa í nefnd um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða

Fundir um vöruþróun vegna flugsins í samstarfi við Austurbrú, SSNV og SSNE – stuðningur fékkst úr Byggðaáætlun í verkefnið.

Sýningur og vinnusmiðjur

Reglulegt fréttabréf frá MN til ferðaskrifstofa (60% opnun á fréttabréfinu sem er mjög hátt hlutfall)

Nokkrar FAM ferðir framundan, bæði fyrir innlendar og erlendar ferðaskrifstofur

Birtingaáætlun

Sögu-og menningarverkefni á Norðurlandi vestra

Cruise – samstarf varðandi komur skemmtiferðaskipa

Taste North Iceland heldur áfram

Nýtt kynningarefni fyrir skíðasvæðin

*Stjórnarmenn lýstu ánægju með að sjá hversu mörg og fjölbreytt verkefni eru í gangi hjá MN, og sögðu það undirstrika mikilvægi þess starfs sem væri unnið hjá MN. Hrósuðu einnig starfsfólkinu. Undirstrikuðu einnig mikilvægi samstarfs við SSNE og SSNV.*

*Starfsáætlunin samþykkt samhljóða.*

## 2. Rekstrar- og fjárhagsáætlun

Framkvæmdastjóri kynnti rekstrar- og fjárhagsáætlun MN fyrir 2023. Margir óvissuþættir eru enn til staðar, einkum varðandi tekjuhlið ársins.

Umræður um framlagða áætlun.

Sigrún yfirlag fundinn kl. 10:00. Tómas yfirlag fundinn kl. 10:20

*Rekstraráætlunin samþykkt samhljóða.*

## 3. Flugmál

Hjalti verkefnastjóri fór yfir stöðuna í flugmálum.

Framkvæmdir á flughlaðinu á flugvellinum ganga samkvæmt áætlun, þannig að nýtt flughlað ætti að vera tilbúið næsta haust. Flugstöðin verður hins vegar ekki tilbúin þá eins og til stóð vegna seinkana á afhendingu á stálgrind. Flugstöðin ætti að vera tilbúin fyrri hluta árs 2024 eins og staðan er núna.

Vinna með Voigt Travel heldur áfram. Fyrsta flug vetrarins frá Amsterdam lenti á Akureyri 10. Febrúar og eru bókanir þennan veturinn betri en í fyrra. Sama má segja með bókanir fyrir sumarflug Voigt Travel. Hjalti tók nýverið á móti fulltrúum frá fjórum ferðaskrifstofum í Hollandi sem hafa áhuga á að nýta flugferðir Voigt Travel beint til Akureyrar. Það myndi styrkja grundvöll fyrir áframhaldandi flugferðum Voigt Travel og vonandi fjölga þeim í framtíðinni. Í byrjun mars verða svo á ferðinni blaðamenn frá Hollandi til að kynna flug Voigt Travel og áfangastaðinn Norðurland. Einnig eru í undirbúningi upptökur í mars á stórum sjónvarpsþætti sem sýndur verður í Hollandi. Þátturinn verður sýndur næsta haust og er með vinsælli sjónvarpsþáttum þar í landi – áætlað áhorf er um 700.000 manns. Flugklasinn er að styðja myndarlega við þessa framleiðslu, bæði með vinnuframlagi og fjármunum.

Undanfarið hefur verið sett mikil áhersla á þýskalandsmarkað í starfi Flugklasans. Niceair hyggst hefja flug til Dusseldorf í maí og hefur Flugklasinn markvisst verið að kynna þann valkost fyrir ferðaskrifstofum. Einnig hefur Flugklasinn verið að kynna áform þýska flugfélagsins Condor um

áætlunarflug frá Frankfurt til AEY næsta sumar. Condor hyggst einnig fljúga til Egilsstaða næsta sumar og hefur Flugklasinn unnið megnið af undirbúningi fyrir Condor flugið á vettvangi Nature Direct verkefnisins – í samstarfi við Austurbrú, Íslandsstofu og Isavia. Undirbúningur er hafinn fyrir bæði FAM ferð og blaðamannaferð í tengslum við flug Condor.

Svissneska flugfélagið Edelweiss hyggst fljúga beint frá Zurich til Akureyrar frá 7. Júlí – 18. Ágúst í sumar. Í undirbúningi er blaðamannaferð í tengslum við það. Zurich er frábær tengiflugvöllur og það er hægt að kaupa í einum miða beint flug frá Akureyri til allra áfangastaða Edelweiss, Swiss air og Lufthansa út frá Zurich – og auðvitað virkar það í báðar áttir. Þessi áfangastaðir skipta hundruðum og eykur þetta möguleika fyrir Norðurland að ná að tengjast mörkuðum fjær okkur (t.d. í suður Evrópu) með þessari tengingu í gegnum Zurich.

Svissneska ferðaskrifstofan Kontiki hefur endurvakið áform um vetrarflug til Akureyrar næsta vetur. Vonir standa til þess að Kontiki standi fyrir amk. 6 vikulegum flugferðum frá Sviss næsta vetur. Þau munu í næsta mánuði senda hingað starfsfólk til undirbúnings og einnig fólk til að taka upp myndefni til að nota í markaðsstarfi.

Icelandair ákvað seint í haust að fresta áður tilkynntum áformum um tengiflug milli AEY og KEF. Flugin áttu að hefjast í vor, en núna er stefnt að því að þessi tengiflug hefjist vorið 2024.

Flugklasinn hefur tekið þátt í fjölmörgum ferðasýningum undanfarið til að kynna nýjar flugleiðir. Vakantiebeurs í Hollandi í janúar, Mannamót og Mid-Atlanti í Reykjavík í janúar, ásamt rafrænni sýningu nú í febrúar. Framundan er svo ITB í Þýskalandi, sem er stærsta ferðasýning í heimi.

Hjalti fór í heimsókn til bæði Condor og Edelweiss í janúar, til þess að styrkja samstarfið og efla tengsl.

Í viðbót við ofangreint er verið að vinna á fleiri mörkuðum að því að fá inn beint áætlunarflug.

#### 4. Önnur mál

Stjórnarmenn ræddu áhrif sem verkföll Eflingarfólks hafi haft og muni hugsanlega hafa á næstu vikum.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 10:45

Fundarritari HPP